

Hundaræktarfélag Íslands

Síðumúla 15

Reykjavík

BT. Stjórnar HRFÍ

Reykjavík 2.apríl 2019.

Stjórn Vorstehdeildar óskar þess að nýjar veiðiprófsreglur taki ekki gildi fyrr en 1.janúar 2020 í ljósi þess að nú þegar er prófatímabil ársins 2019 hafið og hefur verið dæmt eftir eldri reglum sem tóku gildi 2014 til þessa.

Eins er það álit stjórnar að verklag við endurskoðun veiðiprófsreglna hafi ekki verið nægilega gott og samfellt og útkoman því ekki ásættanleg. Óskar stjórn þess að annað og betra verklag verði tekið upp og lengri tími settur í verkið og úrvinnslu þess. Og að árið 2019 verði notað til þess.

Ný stjórn hefur tekið við í Vorstehdeild og ætlar stjórn deildarinnar að fela Guðna Stefánssyni, sitjandi stjórnarmanni, að taka sæti í endurskoðunarnefndinni á þessu ári.

Með vinsemd og virðingu.

Stjórn Vorstehdeildar HRFÍ.

Afrit af þessu bréfi er sent á;

Stjórnir Fuglahundadeildar, Írsk setter deildar og Ensk setter deildar og endurskoðunarnefnd á veiðiprófsreglum fyrir tegundahóp 7.